

Gjaldskrárbreytingar

Við samþykkt fjárhagsáætlun- ar Kópavogs fyrir 2019 voru gerðar breytingar á gjaldskrá fyrir mótuneyti og frístundir. Mánaðargjald í mótuneyti frá 1. janúar er kr. 9.484 (481 kr. máltíðin) og grunngjald í frístund er 7747 krónur fyrir 20 tíma vistun. Gjaldskrár má nálgast á slóðinni:

<https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

Mentor appið

Við minnum foreldra á að mentor-appið er afar þægilegt í notkun og um að gera að hlaða því niður í símann sinn. Það er hægt að nálgast bæði fyrir apple og android tæki..

Hnetulaus skóli -

engar hnetur í nesti -
eða matvæli sem innihalda hnetur...!!

Kæra skólasamfélag

Þá hefur hversdagurinn tekið við eftir hátíðahöldin og væntanlega kærkomið fyrir börn og fullorðna að komast í rútínu á nýjan leik. Janúar verður með hefðbundnu sniði í skólanum en þar er fastur liður viðtöl umsjónarkennara við nemendur og forráðamenn. Eins og í fyrra gefum við bæfilega rúman tíma í viðtölin og því eru tveir dagar teknir í þau. Í viðtölunum er farið yfir það námsmat sem safnast hefur á hæfnikort nemenda á haustönninni auk þess sem færi gefst á að ræða önnur mál eftir þörfum, setja markmið fyrir vorönnina o.s.frv. Við gerum ráð fyrir að opna námsmatið á mentor þann 21. janúar og þá gefst tækifæri til að skoða það fram að viðtölunum sem fram fara 23. og 24. janúar. Við lítum síðan björtum augum á árið framundan og höldum áfram að þróa skólann okkar. Þau ánægjulegu tíðindi urðu við samþykkt fjárhagsáætlunar að nokkrir fjármunir eru áætlaðir í áframhaldandi framkvæmdir í Kórnum. Við vonumst til að þeir nýtist til að bæta félagsaðstöðu nemenda en nemendaráð og skólaráð hafa einmitt verið að kalla eftir úrbótum á því sviði. Hins vegar er eftir að útfæra og skoða hvernig fjármagnið nýtist sem best og er sú vinna framundan. Annað framfaramál sem beðið hefur verið eftir eru myndavélamálin við skólalóðina í Baugakór en við sjáum nú loks fram á að það mál verði klárað innan skamms.

Með óskum um gleðilegt ár og bestu þökkum fyrir samstarfið á liðna árinu.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Sveitakeppni grunnskóla Kópavogs í skák 2018

Skákkeppni grunnskólanna í Kópavogi fór að venju fram í lok nóvember og var þar keppt í fjórum flokkum. Er skemmst frá því að segja að nemendur okkar stóðu sig frábærlega eins og svo oft áður. Sveitir Hörðuvallaskóla fóru með sigur af hólmi í flokkum 5.-7. bekkjar og 8.-10. bekkjar og hlutu bronsverðlaun í flokki 1.-2. bekkjar og 3.-4. bekkjar. Til hamingju með árangurinn! Nánari upplýsingar um keppnina og úrslit má nálgast á heimasíðu skólans eða beint á slóðinni:

<https://www.horduvallaskoli.is/is/frettir/category/1/skakmeistarar>



Þakkir fyrir gjafir til bókasafns!

Við þökkum foreldrum kærlega fyrir ýmsar góðar gjafir sem borist hafa í haust til bókasafns skólans! Bókasafnið eflist og dafnar smátt og smátt en við höfum sannarlega enn pláss fyrir meiri bókakost og tökum því frekari framlögum fagnandi!

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Minnt er á samræmd viðbrögð grunnskóla Kópavogs við ófullnægjandi skólasókn, þ.e. fjarvistum vegna veikinda og leyfa annars vegar og vegna óheimilla fjarvista úr kennslustundum hins vegar. Viðmið þessi má nálgast á heimasíðu skólans:

<https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2018-2019/vidbrogdhvitt.pdf>



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	31. Gamlársdagur	1. Nýársdagur	2. Frí Fristund opin	3. Skipulagsdagur Fristund lokað	4. Úrbeinuð kjúklingalæri í grillmixi m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	5.
6.	7. Gufusöðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	8. Grænmetisbollur m/ brúnum hrísgrjónum og paprikusósu. Salatbar og ávextir.	9. Heitur pastaréttur m/ heilheitipastaskrúfum, hamburgarhrygg, grænmeti og ostasósu. Ávextir.	10. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	11. Nautahakk, linsur og heilheitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	12.
13.	14. Ofnbökuð bleikja, m/ soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir.	15. Sænskar hakkbollur m/ kartöflumús, brúnni sósu og týuberjasultu. Salatbar og ávextir.	16. Píta m/ hakki, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	17. Fiskiborgari m/ brauði, káli, tómötum, gúrku og paprika, kartöflubátum og sósu. Ávextir.	18. Lambasnitseil m/ kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Bóndadagurinn	19.
20.	21. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir. Opnað fyrir námsmat	22. Kínverskar núðlur m/ kjúklingi, eggjum og grænmeti. Ávextir.	23. VIÐTALSDAGUR Fristund opin	24. VIÐTALSDAGUR Fristund opin	25. Grisabuff / appelsínusósu og ofnbökðuðum kartöflum. Salatbar og ávextir.	26.
27.	28. Ýsa í orly m/ brúnum hrísgrjónum og súrsetri sósu. Salatbar og ávextir.	29. Kjúklingasagne m/ tortillakökum, salsa og cheddarostasósu. Snittubrauð, salatbar og ávextir.	30. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	31. Heimalagaður plokkfiskur m/ rúgbrauði og smjöri. Salatbar og ávextir.	1. feb Íslensk kjötsúpa m/ lambagüllasi, rófum, gulrótum, lauk, hvítkáli, kartöflum og íslensku bankabyggi. Ávextir.	

Muna:

- **Viðtalsdagar 23. og 24. janúar, opnað verður fyrir skráningu í viðtöl í vikunni á undan. Annan viðtalsdaginn mæta nemendur í viðtal til umsjónarkennara ásamt forráðamanni/ forráðamönnum. Fristund verður opin á viðtalsdögum fyrir þau börn sem þar eru skráð.**

Útivistartíminn frá 1. september: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðs-samkomu.